

Ed.

145. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég vil vekja athygli á að með þessu frumvarpi er áformuð þriðja útgáfan af oliugjaldi utan skipta á þessu ári, ýmist til lækkunar eða hækkunar, þrátt fyrir stöðugt hækkandi verð á olíu; enn fremur að nú er oliugjaldi breytt í fyrsta sinn á sama tíma og fulltrúar sjómanna í Verðlagsráði greiddu atkvæði gegn ákvörðun um fiskverð.

Ég læt þeim, sem staðið hafa fyrir þessu hringli, eftir að afgreiða málið og sit því hjá.

Alþingi, 21. nóv. 1980.

Ólafur Björnsson.